

Kæru útskriftarnemar/nýstúdentar, kennarar og aðrir gestir.

Eru virkilega 5 ár síðan ég útskrifaðist héðan úr skólanum mínum? Þegar ég hugsa til þeirra ára sem ég stundaði nám hér við skólann koma upp mjög margar góðar minningar. Það sem stendur upp úr er að hafa verið í litlum og frábærum skóla þar sem nálægðin er mikil og kennslan persónuleg. Það skipti ekki máli hvaða dagur var eða hvað klukkan var, maður gat fengið aðstoð í gegnum MSN (sem þá var notað) eða tölvupóst, og á skóladögum fann maður kennarann og settist hjá honum, og maður var alltaf velkominn.

Ég met það mikils að hafa verið í þessum skóla en það hefur hjálpað mér mikið bæði í því námi sem ég er í dag og í þeim störfum sem ég hef gegnt síðan þá.

Í þessum skóla lærði ég sjálfstæð vinnubrögð, fékk svigrúm til að skipuleggja nám mitt sjálf og lærði einnig að vinna í hóp með öðrum. Í FSN fóru samskipti og skipulagning náms mikið fram á innra netinu og í gegnum tölvu. Maður þurfti sjálfur að hafa góða yfirsýn og hafa skipulag á þeim verkefnum sem maður átti að gera og skila. Sú reynsla var mjög dýrmæt þegar ég byrjaði í háskólanum.

Ég tel það forréttindi að hafa fengið tækifæri til að sækja nám við skóla eins og Fjölbrotarskólann okkar, og eins og við öll vitum skiptir miklu máli að tækifærið til að sækja framhaldsskólanám hér heima á Snæfellsnesi sé til staðar.

Eftir að ég útskrifaðist héðan fyrir 5 árum, tók ég 1 árs hlé frá skóla. Ég flutti að heiman og fór að vinna sjálfboðaliðastarf í Kaupmannahöfn hjá Alþjóðlegum æskulýðs- og íþróttasamtökum. Ég fór í þetta starf í gegnum verkefni sem kallast Evrópa unga fólksins. Samtökin fengu styrk til að fá mig í vinnu og þau veittu mér húsnæði, greiddu ferðakostnað og dagpeninga. Í Kaupmannahöfn öðlaðist ég mikla og frábæra reynslu. Sýn mín á lífið og aðra menningarheima opnaðist til muna og ég bætti bæði ensku og dönsku kunnáttu mína. Í starfinu skipulögðum við ráðstefnur og önnur námskeið, ég fékk tækifæri að ferðast um Evrópu og sækja námskeið og fyrirlestra. Einnig kynntist ég fólki frá ólíkum löndum um allan heim og eignaðist vini til frambúðar sem ég hitti og held miklum samskiptum við enn þann dag í dag.

Haustið eftir að ég kom heim frá Kaupmannahöfn hóf ég nám í lögfræði við Háskóla Íslands og er í dag í meistaranámi í lögfræði. Tíminn í Háskólanum hefur verið mjög skemmtilegur en krefjandi. Ég hef kynnst allskonar fólki í náminu og lært svo margt. Í grunnnáminu bjó ég á höfuðborgarsvæðinu en fyrir ári síðan flutti ég aftur heim á Snæfellsnesið og er nú búsett í Ólafsvík. Með meistaranáminu hef ég verið að vinna á skrifstofu Sýslumannsins í Ólafsvík og í sumar verð ég í lögreglunni.

Kæru útskriftarnemar, til hamingju með daginn. Þetta er stór áfangi sem þið eruð að fagna nú í dag. Nú eru þið komin að ákveðnum tímamótum í lífinu og þurfið að taka ákvörðun hvað tekur við næst. Ég hvet ykkur til þess að sækja ykkur frekari menntun, hvort sem það er á háskólastigi eða verknám, ég hvet ykkur einnig til að ferðast og skoða heiminn.

Þið þurfið ekkert að óttast þó þið hafið ekki tekið ákvörðun um það hvað þið ætlið að verða eða við hvað þið ætlið að vinna í framtíðinni – ég veit um fólk með góða menntun í góðum störfum sem spyr sig enn þann dag í dag hvað þau ætla að verða þegar þau verða stór... Hvað þá við sem erum yngri og erum að taka okkur fyrstu skref, hvað ætlum við að verða þegar við verðum stór? Það kemur í ljós.

Með opinn huga og gleðina í fararbroddi eru tækifærin alls staðar. Verum tilbúin að stökkva á þau þegar þau bjóðast.

Auður Kjartansdóttir